


ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Desember 2025

Fylgi flokka ef kosið yrði til **Alþingis** í dag




Des. 2025	30,9%	21,7%	16,9%	10,9%	5,5%	5,2%	3,6%	3,4%
Nóv. 2025	31,1%	19,5%	16,5%	12,8%	5,2%	5,6%	3,2%	3,3%
Kosningar 2024	20,8%	12,1%	19,4%	15,8%	13,8%	7,8%	2,3%	3,0%


Stuðningur við ríkisstjórn



Stuðningur við stjórnarflokka



Fylgismæling - afstaða



Fylgi **Miðflokks** eykst enn, fylgi **Viðreisnar** dalar - Stuðningur við **ríkisstjórnina** minnkar

Helstu breytingar milli mælinga eru að fylgi Miðflokksins eykst um rúmlega 2 prósentustig og fylgi Viðreisnar minnkar um nær 2 prósentustig. Næstum 22% kysu Miðflokkinn ef kosið yrði til Alþingis nú. Þetta er mesta fylgi sem flokkurinn hefur mælst með í Þjóðarpúlsi Gallup. Næstum 11% kysu Viðreisn. Fylgi annarra flokka breytist lítið eða á bilinu 0,1-0,4 prósentustig og eru breytingarnar ekki tölfræðilega marktækar. Um 31% kysi Samfylkinguna, nær 17% Sjálfstæðisflokkinn, rösklega 5% Flokk fólksins og Framsóknarflokkinn, tæplega 4% Vinstri græn, ríflega 3% Pírata og tæplega 2% Sósíalistaflokk Íslands.

Líðlega 6% myndu skila auðu eða ekki kjósa og rúmlega 13% taka ekki afstöðu eða vilja ekki gefa hana upp.

Tæplega 55% þeirra sem taka afstöðu styðja ríkisstjórnina, sem eru ríflega 4 prósentustigum færri en í síðustu mælingu.

Spurt var:

- Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?
- En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu?
- Styður þú ríkisstjórnina?

Niðurstöður sem hér birtast um fylgi flokkanna á landsvísu eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 1. - 28. desember 2025. Heildarúrtaksstærð var 9.091 og þátttökuhlutfall var 43,4%. Vikmörk á fylgi við flokka eru 0,4-1,6%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson

© Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn. Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil enda sé heimilda getið.